

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar og forstjóra 2021

Skýrsla þessi var lögð fram á aðalfundi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma þann 9. maí 2022. Í skýrslunni er tæpt á því helsta sem bar við í starfsemi KGRP á árinu 2021. Endurskoðaður reikningur stofnunarinnar er aftan við skýrsluna og þar er gerð grein fyrir tölulegum stærðum í rekstri KGRP.



EFNISYFIRLIT

Rúmlega aldarfjórðung í þjónustu KGRP og kirkjugarðamála á Íslandi	3
Reksturinn 2021	5
Stjórn KGRP og framkvæmdastjórn.	7
Starfsmannahald	8
Stærri umhirðusvæði - færri starfsmenn	10
Þjónusta í Fossvogskirkju, líkhúsi og bálstofu	12
Stefnt á þægilegra umhirðusvæði	18
Endurnýjun veggjar heldur áfram	20
Nýtt þjónustuhús í Kópavogi	22
Trjáfellingar stórt verkefni	24
Viðhaldsverkefni í görðum og á fasteignum	26
Tengdir aðilar	27
Starfsmannahald 2021	29
Ársreikningurinn	30

HUGLEIÐING FRÁFARANDI FORSTJÓRA

Rúmlega aldarfjórðung í þjónustu KGRP og kirkjugarðamála á Íslandi

Í ársskýrslu KGRP 2020, sem rituð var í lok apríl 2021, gerði ég grein fyrir starfi mínu hjá KGRP. Þá um haustið varð ég 70 ára. Ekki eru neinar skjalfestar reglur um það hvenær starfsmenn KGRP eigi að ljúka störfum en sú venja hefur skapast að undantekningarlítið hafa menn hætt um 70 ára aldur. Ég starfaði nokkra mánuði í viðbót en nú er komið að leiðarlokum.

Tvö mál voru öðrum stærri árið 2021. Annars vegar bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði sem samkvæmt verksamningi á að vera tilbúin í maí 2022 og hins vegar vinna við skýrslu fyrir dómsmálaráðuneytið um kostnað við byggingu og rekstur nýrrar bálstofu fyrir landið allt. Það verkefni var unnið af sérfræðingum undir stjórn kirkjugarðaráðs. Aðdragandi að gerð skýrslunnar var umfjöllun framkvæmdastjórnar og forstjóra KGRP á fundi 16. desember 2020 um rekstur bálstofunnar í Fossvogi og framtíð þeirra mála hér á landi. Þar kom fram að það væri ógerningur fyrir KGRP að takast á hendur svo stórt verkefni enda vandséð að það sé hlutverk eins kirkjugarðs að axla þá ábyrgð.



Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP.



Skýrslan¹⁾ var fyrst lögð fram í dómsmálaráðuneytinu 9. desember sl. og 17. febrúar sl. var sérstakur kynningarfundur með dómsmálaráðherra á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð, á þeim stað þar sem kirkjugarðaráð og KGRP leggja til að byggð verði ný bálstofa fyrir Íslendinga. Þar er frátekin lóð og þess er nú beðið að samþykkt verði að hefja þessa framkvæmd. Lagt er til að nýja bálstofan verði í opinberri eigu og samnefnarar þjóðarinnar, þ.e.a.s. fulltrúar frá ríki, sveitarfélögum og kirkjugörðum landsins, verði þar í stjórn.

Framkvæmdir KGRP við þjónustuhúsið í Kópavogskirkjugarði hafa gengið vel síðustu vikurnar eftir nokkuð langt tímabil hæggangs og vonast er til að framkvæmdum verði lokið á tilsettum tíma, þ.e.a.s. um miðjan maí. Með tilkomu þjónustuhússins verður hægt að taka á móti fólki sem kemur í garðinn og veita ráðgjöf og upplýsingar. Í hluta hússins er aðstaða fyrir garðyrkjumenn og grafara og þangað verður vélaverkstæði KGRP fært úr þröngri aðstöðu í Fossvogskirkjugarði í rúmgott og bjart húsnæði í Kópavogskirkjugarði. Í húsinu eru einnig rúmgóðar vélageymslur fyrir stærri tæki. Húsið er allt hið glæsilegasta og byggt með það í huga að það geti þjónað hlutverki sínu um áratugaraðir. Það er tilhlökkunarefni að fá tækifæri til að verða við vígslu hússins á síðustu dögum í starfi hjá KGRP.

1) Ný bálstofa á Íslandi (prentmetoddi.is)

Nú er komið að leiðarlokum í starfi en ég er sáttur því ég veit að það kemur maður í manns stað og ég hef ekki áhyggjur að framtíð KGRP. Stjórn KGRP hefur ráðið Ingvar Stefánsson viðskiptafræðing til starfa í framkvæmdastjórnastöðu hjá KGRP. Ingvar útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði Háskóla Íslands 1991 og lauk meistaragráðu í fjármálum og stefnumótun frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst 2008. Hann lauk MBA námi við Heriot Watt háskólann í Edinborg og hefur sótt fjölda námskeiða og kennt á námskeiðum bæði innanlands og erlendis. Undanfarið hefur Ingvar stundað nám í markþjálfun. Ingvar var framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur 2011-2021 og var um tíma staðgengill forstjóra og sat í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Áður starfaði hann m.a. sem útibússtjóri hjá Íslandsbanka (2006-2007) og sem framkvæmdastjóri Fjármögnunar Íslandsbanka (2007-2011). Hann fékkst við kennslu hjá Viðskiptaháskólanum á Bifröst (2004-2008) og var forstöðumaður fyrirtækjasviðs Olíufélagsins ehf (N1) (2001-2005) en þar áður starfsmannastjóri Olíufélagsins (1993-2001). Ingvar Stefánsson er boðinn velkominn til starfa og óska ég honum velfarnaðar í krefjandi starfi.



Ingvar Stefánsson.

Á þessum tímamótum er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem starfað hafa með mér hjá KGRP. Þessi tími hefur liðið hratt og ég trúir því að margt hafi áunnist, bæði hjá KGRP og um landið undir stjórn KGSÍ. Því er ekki að neita að oft var talað fyrir daufum eyrum þegar brýn erindi voru borin upp innan ráðuneyta og á Alþingi. Þeir sem vinna innan þessarar samfélagsþjónustu eru ekki stór þrýstihópur en þegar betur er að gáð eru málefni kirkjugarða í raun unnin í þágu allrar þjóðarinnar sem þarf á þjónustunni að halda jafnt og þétt í tímans rás. Já, verkefnin voru og eru mörg og viðamikil og spennandi var að takast á við þau. Viðamikilið tölvukerfi www.gardur.is sem heldur utan um alla starfsemi kirkjugarða hefur verið þróað og á heildina litið hefur tekist bætilega að vinna að lögbundnum verkefnum kirkjugarða þrátt fyrir skertan skerf frá ríkinu.

*Þórsteinn Ragnarsson,
forstjóri KGRP.*



Tekjuafgangur var í rekstri KGRP á síðasta ári en hann náðist m.a. vegna þess að ekki reyndist unnt að ráðast í ýmis viðhaldsverkefni sem gert var ráð fyrir í áætlun ársins.

REKSTURINN 2021

Tekjur og gjöld

Lögbundið framlag ríkisins til KGRP árið 2021 var 638,9 m.kr. og var hækkun milli ára 34,2 m.kr. eða 5,7%. Um er að ræða nettótölu, þ.e. framlag KGRP til kirkjugarðasjóðs, 55,6 m.kr., er þar fyrir utan. Aðrar tekjur námu 100 m.kr. króna og hækkuðu um 40 m.kr. á milli ára. Meginhluti annarra tekna var eins og undanfarin ár: Leigutekjur frá Landspítala, blómasala, aðstöðugjald vegna jólaráflýsingar og húsaleigutekjur frá ÚK ehf.

Laun og tengd gjöld og annar starfsmannakostnaður hækkaði milli áráanna 2020 og 2021. Samkvæmt kjarasamningum starfsmanna hækkuðu launin um fasta krónutölu (24.000) 1. janúar 2021. Starfsmannafjöldinn stóð í stað en sumarstarfmönnum fækkaði á milli ára og auk þess greiddi Vinnumálastofnun hluta af þeim launakostnaði. Sumartaxtarnir hækkuðu einnig um fasta krónutölu (24.000) á milli ára. KGRP hafa í gegnum tíðina gert kjarasamninga beint við Sameyki (SFR), BHM, Samiðn, VR, Eflingu og VM. Samningstímabilið er frá 2019 til 2022 eða 4 ár. Þess má geta að lífeyrisskuldbindingarnar hækkuðu milli ára um 57,8 m.kr. (reiknuð tala) og hækkar það niðurstöðutölu launakostnaðar.

Gætt var ítrasta aðhalds í rekstrinum 2021. Tekjuafgangurinn varð mun hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ástæður fyrir því eru m.a. jákvæð afkoma af dótturfyrirtækinu eftir erfiðan rekstur mörg undanfarin ár, ávöxtun eignasafns KGRP (eftirlaunaskuldbindingin) hjá Landsbanka var umfram væntingar og veruleg aukning annara tekna. Auk þess var ekki hægt að koma öllum þeim viðhaldsverkefnum í framkvæmd sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þessar aðstæður skiluðu tekjuafgangi sem ekki hefur verið meiri í mörg herrans ár.

Sjóðsstreymi og lífeyrisskuldbindingar

Varðandi sjóðsstreymið er vísað til bls. 8 í ársreikningnum hér aftan við skýrsluna og gerð er grein fyrir lífeyrisskuldbindingunum undir lið 9 í skýringum á bls. 11 í ársreikningnum. Í árslok 2021 stóð lífeyrisskuldbindingin í 514,3 m.k. og hafði hækkað um 72,9 m.kr. frá í árslok 2020. Þessu fé er haldið utan við rekstur KGRP en þó er heimilt að ganga tímabundið á þann sjóð sem mæta á lífeyrisskuldbindingunni þegar farið er í fjárfrekar framkvæmdir. Dæmi um slíkt var þegar starfsmannahúsið á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð var reist á árunum 2006 til 2008. Annað dæmi er nýlegra, þ.e. bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði sem nú er að ljúka.

Margrét Guðjónsdóttir aðalbókari ritaði.



Á fundi með dómsmálaráðherra 17. febrúar sl. á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð kynnti stjórn KGRP og kirkjugarðaráð tillögur sínar um byggingu nýrrar bálstofu fyrir Íslendinga.

STJÓRN KGRP OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

Fundir aðalstjórnar

Aðalfundur 2020 var haldinn í skugga Covid-19 þann 17. maí 2021 í Fossvogskirkju. Á fundinn mættu 17 fulltrúar, prófastur í RPE og 7 starfsmenn KGRP og ÚK. Fundir aðalstjórnar eru undir venjulegum kringumstæðum haldnir í fundarsal starfsmannahússins á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.

Aðalstjórn KGRP

Aðalstjórnin hélt tvo fundi á árinu 2021, þ.e.a.s. aðalfundinn 17. maí og vetrarfund 8. nóvember.

Framkvæmdastjórn KGRP

Á árinu 2021 var Egill Heiðar Gíslason formaður KGRP, Kristján Guðmundsson varaformaður og Emilía Guðrún Svavarsdóttir í stjórn. Í varastjórn voru: Hrafnhildur Sigurðardóttir frá Seltjarnarnessókn og Níels Árni Lund frá Grafarholtssókn í varastjórn. Framkvæmdastjórn hélt 9 fundi á milli aðalfunda.

STARFSMANNAHALD

Fjöldi fastráðinna starfsmanna

Fastráðnir starfsmenn KGRP voru 32 í ársbyrjun 2021 og í árslok voru þeir 32 talsins. (Sjá nafnalista aftast).

Fundir starfsmanna og forstjóra

Annað árið í röð lágu starfsmannafundir að mestu niðri vegna smithættu. Síminn var notaður sem samskiptatæki og haldnir voru örfáir fjarfundir á milli starfsstöðva til að fara yfir brýnustu mál. Reynt var að hafa skipulagið með þeim hætti að smit næði ekki til nema lítils hóps ef starfsmenn fengju veiruna. Starfsmannahald KGRP einkenndist af þessu ástandi eins og flest annað í þjóðfélaginu.

Kærkomin aðstoð

Eins og mörg undanfarin ár komu hópar frá Styrktarfélaginu Ási í Fossvogskirkjugarð til að vinna. Til að byrja með komu einungis hópar á miðvikudögum og fimmtudögum. Kórónuveiran setti nokkurt strik í reikninginn framan af árinu og ekki var óalgengt að tímar féllu niður vegna veikinda. Hóparnir hafa aðstoðu í vinnuskúr við svæði O og fást við að hreinsa kransa og flokka í lífrænt, plast og járn og eru hjá okkur frá janúar og út apríl og frá september fram í miðjan desember. Hver hópur er á svæðinu í um þrjá tíma í senn. Síðasta haust fjólgaði hópunum og komu þeir á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Einnig kom hópur frá Bjarkarási á þriðjudögum. Um sumarið kom hópur frá Hinu húsinu en vegna faraldursins var mætingin frekar stopul.

Kristján Linnét, garðyrkjuverkstjóri í Fossvogskirkjugarði ritaði.

Námskeið fyrir sumarstarfsmenn

Hefðbundið dráttarvélanámskeið var haldið í byrjun sumars hjá Vinnueftirliti ríkisins. Á námskeiðið fóru þeir sumarstarfsmenn sem ráðnir voru til að stýra dráttarvélum og öðrum tækjum.



Starfsmannahald í KGRP var með hefðbundum hætti en kórónuveiran setti þó strik í reikninginn.



Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri KGRP. „Skilgreina þarf mjög vel hvaða verkefnum á að sinna og ljóst er að það verða einungis þau sem lögbundin eru svo sem að slá og hirða grassvæði og ganga frá eftir grafartöku.“

Stærri umhirðusvæði - færri starfsmenn

„Hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma voru starfandi 11 garðyrkjumenn í fullu starfi en að auki hefur einn garðyrkjumaður verið í hlutastarfi yfir sumarmánuðina eins og undanfarin tvö ár. Þá var einn nemi í skrudgarðyrkju starfandi á síðasta ári og mun hann ljúka sínu námi nú í haust með sveinsprófi í skrudgarðyrkju. Fjórir vélamenn starfa hjá okkur, aðallega við grafartöku og einnig aðstoða þeir garðyrkjumenn við þeirra störf. Loks eru tveir vélvirkjar á verkstæði við umsjón og viðgerðir á vélum og tækjum,“ segir Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri KGRP í samtali.

Lögboðnum verkefnum sinnt

Kári segir að á síðasta ári hafi starfað um 70 sumarstarfsmenn hjá KGRP en auk þess hafi verið ráðnir 9 starfsmenn til viðbótar úr verkefni Vinnumálastofnunar „Atvinnuátak fyrir námsmenn á milli anna“ og hafi það verið góð viðbót við þá sumarstarfsmenn sem áður höfðu verið ráðnir. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að ráða um 85 sumarstarfsmenn á þessu ári og ljóst að um helmingi umsækjenda verður ekki hægt að bjóða vinnu. „Vegna þessarar fækkunar starfsmanna frá því sem áður var og í ljósi þess að umhirðusvæði garðanna hafa stækkað, er ljóst að skilgreina þarf mjög hvaða verkefnum á að sinna og ljóst er að það verða einungis þau verkefni sem lögbundin eru svo sem að slá og hirða grassvæði og ganga frá eftir grafartöku,“ segir Kári enn fremur.



Frá duftgarðinum Sóllandi.

Gríðarlegt framfaraskref

„Í Kópavogskirkjugarði hafa garðyrkjumenn haft fasta viðveru yfir sumartímam undanfarin þrjú ár. Síðastliðinn vetur var þar starfandi garðyrkjumaður og verður vonandi svo áfram enda garðurinn tekið miklum stakkaskiptum. Bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði hefur staðið yfir undanfarið ár og er reiknað með að taka það í notkun nú á vormánuðum. Notkun þess verður mikið framfaraskref í aðstöðu og aðbúnaði fyrir garðinn og starfsmenn þar. Einnig verður haldið áfram við framkvæmdir við nýtt grafarsvæði og reiknað með að hluti þessi verði tilbúinn til greftrunar í lok árs 2023 og framkvæmdum að fullu lokið vorið 2024. Stækkun dufttreitsins í Kópavogskirkjugarði var tekinn í notkun á vormánuðum.“


Gæsum stökkt á brott

Eins og fram hefur komið í skýrslum fyrri ára hefur ágangur gæsa í duftgarðinn á Sóllandi aukist ár frá ári frá því hann var tekinn í notkun haustið 2009. Í samstarfi við meindýraeyði á vegum Reykjavíkurborgar hefur gæsum verið smalað saman undanfarin ár meðan þær eru ófleygar og þær ásamt ungum sínum verið fluttar upp í Álfsnes. „Þetta hefur haft tilætlaðan árangur í för með sér þótt þær muni áfram eitt-hvað láta sjá sig. Vonir standa til að áfram fái leyfi til að flytja þær upp í Álfsnes til að sporna við því að það byggist upp stofna gæsa sem hafi fasta viðveru í Sóllandi.“

ÞJÓNUSTA Í FOSSVOGSKIRKJU, LÍKHÚSI OG BÁLSTOFU

Bálstofan í Fossvogi og bygging nýrrar bálstofu

Bálfarir hér á landi hafa aukist gríðarlega og er nú svo komið að rúmlega önnur hver jarðsetning hjá KGRP er í duftgröf. Á árinu 2021 fóru fram 937 bálfarir í bálstofunni í Fossvogi. KGRP hafa frá árinu 1948 rekið þessa fyrstu og einu bálstofu á Íslandi. Bálstofunni hefur verið vel við haldið en fljótlega eftir síðustu aldamót gerðu KGRP áætlun um endurnýjun hennar. Haustið 2004 var efnt til samkeppni um hönnun þjónustubygginga og umhverfi þeirra á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Inni í þeirri áætlun voru eftirtaldar byggingar: Starfsmannahús, bálstofa, líkhús og tvö athafnarými. Fyrirhugað var að þessar byggingar yrðu byggðar á árunum 2006-2020. Samningur um samkeppnishald var gerður við Arkitektafélag Íslands (AÍ) og fór samkeppnin fram samkvæmt samkeppnisreglum þess árið 2005. Alls bárust 18 tillögur í samkeppnina og voru þær allar teknar til dóms. Verðlaunatillegan kom frá arkitektum Arkibúllunnar (nú A arkitektar) og var samið við þá um hönnun þjónustubygginganna.



Svona mun bálstofa og þjónustubyggingar líta út þegar framkvæmdum er lokið. Fyrsti áfangi bygginganna hlaut Menningarverðlaun DV árið 2009.

Myndir: A arkitektar.



Gert er ráð fyrir sérstöku rými í bálstofunni þar sem duftker eru afhent að lokinni brennslu.

Fyrsti áfangi þessarar áætlunar varð að veruleika við byggingu starfsmannahússins og var það tekið í notkun snemma árs 2008. Þá um haustið varð efnahagshrun á Íslandi og víðar um heim og í kjölfarið var framlag til kirkjugarða skorið niður og kom það í veg fyrir að áform um framhald þjónustubygginganna næði fram að ganga, þar á meðal byggingu bálstofu. Á undanförunum árum hefur stjórnendum KGRP orðið ljóst að bygging nýrrar bálstofu í eigu og rekstri KGRP, yrði gördunum ofviða. Seint á árinu 2020 var ákveðið að óska eftir að kirkjugarðaráð „...hefði frumkvæði að því að ræða við ráðherra og ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins um að koma á laggirnar starfshópi. Starfshópurinn hefði það hlutverk að ræða og móta tillögur um framtíðar uppbyggingu á nýrri bálstofu sem þjónað gæti á landsvísu...“ eins og segir í bókun fundar framkvæmdastjórnar KGRP í desember 2020.

Líkhúsið í Fossvogi

KGRP hafa starfrækt líkhús í áratugi þó að það sé ekki lögbundið verkefni kirkjugarða. Í líkhúsið í Fossvogi voru fluttir 1.580 látnir, þar af 57 sem vistaðir voru innan við sólarhring og 1.404 lengur.

Það hefur margoft komið fram á þessum vettvangi að KGRP hafa engar sértekjur af rekstri líkhússins. Rekstrarkostnaður líkhúss og athafnarýma í Fossvogi var á síðasta ári rúmlega 10% af lögbundnum nettótekjum KGRP. Það er mjög bagalegt og nánast ámælisvert að sértekjur eða viðbótarframlag frá ríki fái ekki vegna þess kostnaðar. Gamla líkhúsið í Fossvogi tekur um 70 kistur og þar er vinnuaðstaða bágborin vegna þrengsla og tækjaleysis. Þess má geta að teikningar af nýrri bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð gera ráð fyrir líkhúsi í tengslum við bálstofuna og myndi það líkhús sjá um vistun allra þeirra sem fara í líkbrennslu.



Frá Fossvogskirkjugarði.

Fossvogskirkja, kapella og bænhús

Grafartaka er einn af meginþáttunum í starfsemi kirkjugarða. 50% greftrana á landinu eru innan KGRP. Heildarfjöldi greftrana hjá KGRP á milli árunna 2020 og 2021 stóð nánast í stað. Grafarfjöldi árið 2021 var 1.139 í öllum görðunum KGRP.

6901692829	Kistujarðsetningar	Duftkerjajarðsetningar
Fossvogskirkjugarður-duftgarður	1	30
Fossvogskirkjugarður	66	138
Gufuneskirkjugarður-duftgarður	2	44
Kópavogskirkjugarður	104	11
Hólavallagarður við Suðurgötu	0	27
Gufuneskirkjugarður	325	76
Sólland-duftgarður	8	265
Kópavogskirkjugarður-duftgarður	1	41
Samtals	507	632

Svipaður athafnafjöldi var í Fossvogi árið 2021 og árin á undan.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Fossvogskirkja	147	156	136	151	117	145	134	124	119	147	155
Kapella Fossvogi	188	182	213	188	181	201	210	202	215	208	199
Bænhús Fossvogi	15	15	16	20	21	37	36	31	33	14	18
Rauða herbergið Fossv.	1	2	1	2	0	0	0	0	1	0	0
Samtals	351	355	366	361	319	383	380	357	368	370	372

Samtals á landinu:	2.246
Samtals kistur	1.343
Samtals	903

Kirkjugarðar á þjónustusvæði KGRP

Á árinu 2021 voru 2.246 grafir teknar á landinu öllu, 1.343 kistugrafir og 903 dufgrafir. Hjá KGRP voru 1.139 grafir teknar, 507 kistur (44,5%) og 632 duftker (55,5%). Tekið skal fram að fjöldi duftkera í geymslum bálstofunnar hefur farið vaxandi og er það bagalegt. KGRP fá ekki greitt fyrir duftkerin fyrr en búið er að jarðsetja þau. Setja þarf í lög að jarðsetja skuli duftker innan árs og auglýsa það vel.

Fjöldi greftrana eftir görðum hjá KGRP

Hér má sjá samantekt yfir fjölda jarðsetninga í kirkjugörðum sem tilheyra KGRP á árinu 2021. Hjá KGRP vinna grafarar bæði í Fossvogskirkjugarði og í Gufuneskirkjugarði. Þeir þjóna einnig Kópavogskirkjugarði en þar fer jarðsetningum fjölgandi en í Fossvogskirkjugarði fækkar jarðsetningum.

6901692829	Kistugarðsetningar	Duftkerjarðsetningar
Fossvogskirkjugarður-duftgarður	0	32
Landakotskirkjugarður	1	0
Fossvogskirkjugarður	75	138
Gufuneskirkjugarður-duftgarður	1	51
Kópavogskirkjugarður	111	7
Hólavallagarður við Suðurgötu	0	10
Gufuneskirkjugarður	302	85
Sólland-duftgarður	2	2425
Kópavogskirkjugarður-duftgarður	0	41
Samtals	492	606

Bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði

Í ársskýrslu KGRP 2020 var gerð grein fyrir aðdraganda þess að ákveðið var að byggja þjónustuhús í Kópavogskirkjugarði (sjá einnig á bls 22).

Samið við sveitarfélögin á þjónustusvæði KGRP

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) og sveitarfélögin í Reykjavíkurprófastsdæmum (RPD), þ.e.a.s. Reykjavík, Kópavogur og Seltjarnarnesbær gera á hverju ári verk- og fjárhagsáætlun fyrir næstu tvö ár. Í ársskýrslu 2020 var gerð grein fyrir framkvæmdum á árunum 2021 og 2022. Þessi áætlun hefur að mestu gengið eftir. Samskiptin við sveitarfélögin hafa verið mjög góð.

Nýr kirkjugarður í Reykjavík við Úlfarsfell




Ílla hefur gengið að fá upplýsingar um framkvæmdirnar við Úlfarsfell. Á undanförunum árum hefur viðeigandi jarðvegur verið keyrður á kirkjugarðslóðina eftir skipulagi Reykjavíkurborgar. Nýjustu fréttir af framkvæmdum komu nýlega í tölvupósti og hljóða þær þannig:

„Það er verið að taka stöðuna á framkvæmdum við kirkjugarðinn þessa dagana, m.a. með því að láta dróna fljúga yfir svæðið. Reikna með að boða þig Þórsteinn á fund fljótlega eftir páska til að fara yfir stöðu málsins og hvernig við hyggjumst vinna verkið áfram.“

Neðangreindar upplýsingar um fyrirhugaðan kirkjugarð við Úlfarsfell hafa áður birst í ársskýrslum KGRP og eru endurteknaðar enn einu sinni:

Heildarstærð lóðar er 22.5 ha. Aðkoma að kirkjugarðinum verður frá suðurhlíð lóðar og þar er gert ráð fyrir aðkomusvæði með bílastæðum, móttökuhúsi, svæði fyrir upplýsingar, minningarreiti og listaverk. Þaðan verður hægt að keyra bíl eftir hringvegi sem liggur um kirkjugarðinn. Grafarsvæði garðsins skiptast upp í miðjusvæði og svæði fyrir utan miðjuna. Miðjan er afmörkuð með hringlaga jarðvegsmön með vegg-hleðslu sem snýr inn að miðju. Í vegginn eru skörð fyrir svæðagötur og þannig tengist miðja garðsins öðrum hlutum hans. Svæðagötur skipta kirkjugarðinum upp í minni svæði og með gróðri og yfirborðsfrágangi verður hægt að gefa hverju svæði fyrir sig séreinkenni sem henta staðsetningu og tíðaranda. Meðfram austurhlíð kirkjugarðsins liggur Græni trefillinn í hlíð Úlfarsfells. Þar er gert ráð fyrir útivistarstíg sem mun gagnast bæði gestum kirkjugarðsins en einnig þeim sem stunda útivist á svæðinu.

Myndin að ofan sýnir teikningu af kirkjugarði við Úlfarsfell. Kirkjugarðurinn verður aðallega nýttur undir kistugrafreiti. Byrjað verður á að grafa á svæðinu innan við rauða hringinn. Á árinu 2017 var gerður vegur upp að kirkjugarðastæðinu og er uppfylling þar hafin. Talið er að um 500 þús. rúmm. þurfi á allt svæðið



Frá duftreitnum í Fossvogskirkjugarði.

áður en hafist verður handa við að ganga frá yfirborði garðsins. Lítið hefur verið að gerast á kirkjugarðastæðinu um langan tíma og er það áhyggjuefni. Engin leið er að spá um hvenær garðurinn verður vígður en það verður í fyrsta lagi í kringum 2030.

Ljóst er að Gufuneskirkjugarður er að verða fullgrafinn. Þar eru kannski 3-4 ár eftir af svæðum undir nýjar kistugrafir og hefur það tímabil lengst vegna aukningar bálfara. Engu að síður mun væntanlega þurfa um nokkurt árabíl að grafa allar nýjar kistugrafir í Kópavogskirkjugarði.

Minningarathafnir erlendra ríkja og sjómannadagurinn

Vegna Covid-19 var ekki efnt til samkoma í Fossvogskirkjugarði í sama stíl og verið hefur. Örfáir komu saman á þeim dögum sem minningarathafnirnar hafa verið. Árleg athöfn við Minningaröldurnar í Fossvogi féll niður á sjómannadaginn vegna farsóttarinnar. Engin skipulögð dagskrá var í Reykjavík í fyrsta sinn í 82 ár.

Almenn umhirða í gördunum

Unnið var við plöntun trjáa, sáningu, túnþökulögn o.fl. Almenn hirðing var að venju í verkahring sumarstarfsmanna.



Helena Sif Þorgeirsdóttir, umsjónarmaður og garðyrkjuverkstjóri Gufuneskirkjugarðs segir að hauststörfin hafi gengið vel og náðst að ljúka við klippingar áður en allt fór á kaf í snjó.

Stefnt á þægilegra umhirðusvæði

„Árið gekk ágætlega hér í Gufuneskirkjugarði en hjá okkur eru að meðaltali fjórir til fimm starfsmenn; tveir við grafartekt og tveir til þrír við garðyrkju. Fyrri hluti ársins fór í miklar fellingar og grófar klippingar en einnig var nokkuð endurnýjað af beðum og ný beð á austursvæði garðsins gerð. Þá var farið markvisst yfir garðinn og fyllt upp í sigdældir og lagað það sem laga þarf. Við erum með átak í að gera garðinn að einfaldara og þægilegra umhirðusvæði og hefur það verkefni gengið vel,“ segir Helena Sif Þorgeirsdóttir, garðyrkjuverkstjóri Gufuneskirkjugarðs.

Samstarf við aðstandendur

Helena segir að póstur hafi verið sendur á aðstandendur sem voru með leiði sem ekki uppfylltu reglur KGRP hvað varðar gróður og umgjörð. „Aðstandendum gafst kostur á að bæta úr og á þessu ári var svo sendur annar póstur til bæði nýrra og ítrekun á þá sem ekki höfðu sinnt beiðni KGRP um úrbætur á leiðum í þeirra umsjón. Þessu verður framhaldið en eins og stendur í okkar reglum getur KGRP ráðist í endurbætur á kostnað aðstandenda ef úrbætur hafi ekki verið gerðar að þremur árum liðnum. Allflestir taka vel í þetta átak en nokkuð hefur borið á því að fólk afsali sér leiðum til KGRP í framhaldinu, m.a. vegna lítillar eða engrar tengingar við hinn látna. Við teljum að þrátt fyrir að þetta sé stór og tímafrek aðgerð þá skili hún sér margfalt þegar fram líður í umhirðu garðsins en bæði verði umhirðan skilvirkari og ódýrari þegar upp er staðið.“



Duftgarður í Gufunesi.

Samheldinn starfshópur

„Sumarið hér í garðinum gekk ágætlega þrátt fyrir þó nokkra fækkun á sumarfólki en sjá mátti mun milli ára á umhirðu og þá til hins verra. Ástæðan var einföld; undirmönnun vegna veikindaforfalla sem komu beint ofan í sumarfríin. Gufuneskirkjugarður býr yfir þeim dýrmæta kosti að hafa góðan starfsmannakjarna, samheldinn og vinnusaman, sem leggur mikið á sig til að bæta enn frekar þá góðu ásýnd garðsins sem hefur skapast nú síðustu ár, en það kemur að þolmörkum og hvað gerist þá? Garðurinn stækkar ört, svæði O11 var tekið í notkun á árinu og fyllist hratt og fyrirhugað er að opna fyrir grafartekt á svæði O10 og R4 nú í byrjun sumars. Með fjölgun svæða eykst umhirðan og því nokkuð ljóst að huga þarf vel að næstu skrefum hvað varðar mannskap og tækjakost.“



Heimir Bj. Janusarson, garðyrkjuverkstjóri í Hólavallagarði segir heimsóknir hafa verið alltíðar í Hólavallagarði þrátt fyrir heimsfaraldur.

Endurnýjun veggjar heldur áfram

„Þrátt fyrir covid var mikið um heimsóknir frá skólum í Hólavallagarði sl. sumar, þar af einar fimm frá Háskóla Íslands og svo komu allir hverfisskólarnir í heimsókn. Vorverkin gengu vel og kom garðurinn vel undan vetri. Við fengum sérhæfðan verktaka til að fella nokkur há tré og voru svo rætur fræstar upp. Viðgerðir á garðvegg héldu áfram og er langhlið meðfram Suðurgötu lokið en þar þurfti að hlaða vegginn upp að hluta. Hér var mörgu að sinna,“ segir Heimir Bj. Janusarson, garðyrkjuverkstjóri í Hólavallagarði.

Mikilvægur liðsauki

Heimir segir að árið 2021 í Hólavallagarði hafi byrjað eins og árið 2020 endaði; allt hafi miðast við covid. Hann segir að af þeim sökum hafi samskipti starfsmanna milli garða verið mjög takmörkuð og að í framhaldinu sé mikilvægt að unnið verði skipulega í þeim málum og starfsfólki KGRP þjappað betur saman.

„Sumarstarfsmenn komu ferskir og úthvíldir til vinnu til okkar í sumarbyrjun – loksins lausir við grímur og fjarlægðarmörk við mikla gleði. Við fengum svo liðsauka frá Vinnuálastofnun og unnum með Hinu húsinu samkvæmt venju. Hér störfuðu nokkrir einstaklingar með fötlun og er það gefandi starf að taka þátt í því verkefni sem nú hefur staðið yfir í 15 ár. Sumarið var óvenju rólegt hvað almennar heimsóknir varðar og sumarstarfsmenn fóru lítið í frí enda nóg að gera í almennum viðhaldsstörfum. Allar ruslagrindur voru t.d. hreinsaðar og polyhúðaðar enda orðnar 20 ára gamlar og farið að sjá mikið á þeim. Þær líta vel út



Vorverkin í Hólavallagarði gengu sinn vanagang og kom garðurinn vel undan vetri.

núna. Fyrirhugað var að endurnýja upplýsingaskilti í garðinum en því miður frestaðist það en stefnt er að fara í það verkefni á þessu ári,” segir Heimir.

Engar kistugrafir

Engar kistugrafir voru teknar í Hólavallagarði árið 2021 en ríflega 30 duftgrafir. Heimir segir að færst hafi í aukana að aðstandendur kaupi vinnu við endurgerð steyptra reita og eru nokkrir múrarar sem taka svona verk að sér. Hann segir að í framhaldinu hafi aðstandendur hug á að fá síðar legstað í reitunum. Setji þessir nýuppteknu reitir mikinn svip á garðinn.



Gestur Hreinsson, umsjónarmaður fasteigna segir að nýtt þjónustuhús í Kópavogskirkjugarði sé óðum að taka á sig endanlega mynd.

Nýtt þjónustuhús í Kópavogi

„Nýtt þjónustuhús í Kópavogskirkjugarði er óðum að taka á sig endanlega mynd og reiknar verktaki með því að skila húsinu í maí. Húsið er allt hið glæsilegasta og er vélasalurinn mjög bjartur með miklu plássi fyrir þá sem þar koma til með að starfa auk þess sem góð viðgerðargryfja er í húsinu. Starfsmannaaðstaðan er einnig öll til fyrirmyndar en auk góðrar kaffiaðstöðu eru sturtur og þvottahús fyrir starfsmenn og glæsilegt móttökurými fyrir aðstandendur,“ segir Gestur Hreinsson, umsjónarmaður fasteigna hjá KGRP í samtali.

Margvíslegar endurbætur

Gestur segir að margvíslegar framkvæmdir og endurbætur á fasteignum hafi verið í gangi hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma undanfarið ár. „Já, við höfum sinnt ýmsum viðhaldsverkefnum eftir því sem kostur hefur verið á. Þjónustuhús í Gufunesgarði var t.d. málað að utan sl. sumar. Húsið hafði ekki verið málað frá því það var reist og var gríðarlegur munur á að sjá húsið eftir málningu. Einnig voru gólf í kjallara, svo kölluð steinteppi, brotin upp í búningsklefum og salernum og sett epoxy gólf í staðin en þau er mjög auðvelt að þrifa öfugt við steinteppin sem eiga ekki heima í búningsaðstöðu né salernum. Þá voru bíla-stæði við garðinn merkt.“



Vélasalurinn í nýju þjónustuhúsi við Kópavogskirkjugarð er hinn glæsilegasti.

LED ljós í Fossvogi

Að sögn Gests var kapella í Fossvogi máluð að innan, bæði forstofa og kapellan sjálf. Einnig hafi skrifstofa starfsmanna í kirkju verið máluð og snyrtingin endurnýjuð og máluð. „Hafist var handa við að skipta út gömlum ljósum í garðinum og á bílastæðum og LED ljós sett á alla staura í garði og á bílastæði. Með LED má gera ráð fyrir að orkunotkun vegna ljósanna dagist saman um 55-60% og muna nú um minna. Búið er að skipta út langflestum ljósum en þó eru líklega um 4-5 ljós eftir sem fyrirhugað er að setja upp á þessu ári. Starfsmenn garðanna sáu um að fjarlægja þau gömlu og setja ný upp en rafvirkjar sáu um að tengja þetta allt saman. LED-væðingin mun svo halda áfram þetta árið bæði í Gufunesgarði og Kópavogsgarði.

Veggurinn við Hólavallagarð

Loks nefnir Gestur að undanfarin tvö ár hafi verið unnið að endurbótum á vegg umhverfis Hólavallakirkjugarð og muni sú vinna halda áfram þetta árið og nú farið í hlutann við Hringbraut. Hann segir að veggurinn við Suðurgötu hafi þegar verið lagaður og sé mikill munur á honum frá því sem áður var.



Kristján Karl Linnét, garðyrkjuverkstjóri í Fossvogskirkjugarði segir að mikið af trjágróðri í garðinum sé kominn á elliár og megi einatt ekki við miklum vindi til að brotna eða falla um koll.

Trjáfellingar stórt verkefni

„Starfsemin í garðinum á síðasta ári gekk vel. Veturinn var snjóléttur og því oftast auðvelt um vik að sinna klippingum og trjáfellingum. Farið var í átak í að fella ónýt og óæskileg tré á ákveðnum svæðum. Sumarstarfið gekk ágætlega þrátt fyrir allt of fátt sumarstarfsfólk. Það er sárt fyrir starfsfólkið í garðyrkjunni að horfa upp á garðinn fyllast af illgresi á hverju sumri og geta lítið að gert vegna skorts á sumarstarfsfólki,“ segir Kristján Karl Linnét, garðyrkjuverkstjóri í Fossvogskirkjugarði.

Krefst mikillar umhirðu

Kristján Karl segir að Fossvogskirkjugarður sé eins og Gufuneskirkjugarður um 30 ha að flatarmáli. Margt sé hins vegar ólíkt með þessum görðum og komi það mjög fram í umhirðu garðanna. „Á eldri svæðum Fossvogsgarðs er mikið af trjágróðri og má segja að þar sé nokkuð stór skógur. Í elsta hlutanum, þar sem steiptir ramar afmarka leiðin, voru gróðursett tré í svo til hvert leiði af aðstandendum en á öðrum svæðum voru sett tré fyrir aftan hvert leiði af starfsmönnum garðsins. Það er einungis í nýjasta hlutanum sem aðeins var settur trjágróður umhverfis grafarsvæðin. Þetta gerir það að verkum að umhirðan er töluvert önnur og meiri en í öðrum görðum KGRP, sérstaklega á veturnum. Mikið af trjágróðri í garðinum er kominn á elliárin og má einatt ekki við miklum vindi til að brotna eða falla um koll. Trjáfellingar eru því orðnar stór hluti af verkefnum hausts og vetrar.“



Hermannagrafreiturinn í Fossvogskirkjugarði.

Sigin og holótt grafarsvæði

Grasivaxin grafarsvæði í Fossvogskirkjugarði eru að sögn Kristjáns Karls víða orðin sigin og holótt. „Undanfarin ár hefur verið farið í átak á sumrin við að reyna að slétta ákveðin svæði. Mold er sett í holur og grasfræi sáð í þegar búið er að jafna hana út. Legsteinar eru allajafna ekki lagaðir, þannig að útkoman verður aldrei nema þokkaleg. En þessi vinna gerir þó allan slátt auðveldari og þægilegri. Önnur sumarvinna felst aðallega í því að halda svæðum umhverfis grafarsvæðin snyrtilegum ásamt aðkomunni að garðinum og athafnarýmum. Grassláttur er stór þáttur í sumarstarfseminni og það sem lögð er mest áhersla á að sé í lagi. Nokkrir starfsmenn sjá svo um að planta sumarblómum.“

Margvísleg vetrarverkefni

Kristján Karl segir að haustin fari að mestu í að klára ýmis verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við um sumarið. Það ásamt vorinu sé tími gróðursetninga en einnig er unnið við alla jarðvinnu fram að frosti. „Önnur vetrarverkefni eru snjómokstur og hálkuvarnir ásamt aðstoð við grafartekt. Víða í garðinum, eins og t.d. í Sóllandi, er erfitt að koma vélum að og því þarf að gera þessa vinnu á höndum sem getur oft verið ansi strembið þegar hafa þarf hraðar hendur vegna grafarfjölda. Þó nokkuð er af limgerðum sem þarf að klippa þó þeim hafi fækkað töluvert á undanförunum árum. Í mars/apríl er farið af stað í að tína upp kertaumbúðir og jólagreinar sem miklu meira en nóg er af. Eiginlega allt of mikið.“

VIÐHALDSVERKEFNI Í GÖRÐUM OG Á FASTEIGNUM

Fossvogskirkja og tengibyggingar

Lágmarks viðhaldsframkvæmdir voru við Fossvogskirkju og tengibyggingar. Öllum stærri verkefnum þar var frestað enn eitt árið. Fyrir liggur úttekt á múrhúð kirkjunnar sem er illa farin á köflum og kostnaðaráætlun sem nemur milljónatugum. Sérstaklega þarfnast reykgangurinn á vesturhlið turnsins viðhalds, orðinn sprunginn og sótuður.

Skrifstofu- og verkstæðishús

Lágmarks viðhaldsframkvæmdir.

Útfararstofa kirkjugarðanna (ÚK)

Frá aðalfundi í maí 2021 er stjórn Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf (ÚK) óbreytt. Hún er skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum: Jóhann Úlfarsson, formaður, Guðrún Nikulásdóttir, varaformaður og Andrés Jónsson, meðstjórnandi. Forstjóri KGRP situr stjórnarfundum hjá ÚK sem fulltrúi eiganda. Guðný Hildur Kristinsdóttir er framkvæmdastjóri ÚK ehf.

Tækjakaup fyrir KGRP

Endurnýjun véla og tækja hefur verið markviss undanfarin ár og hefur mikið áunnist í þeim efnum.

Trjáplöntu- og blómakaup

Innkaup á trjáplöntum og blómum voru meiri en síðastliðið ár. Verðlag á sumarblómum og útseldri þjónustu KGRP fylgir byggingarvísitölu og er verðskráin uppfærð fyrir 1. maí ár hvert. Mestöll blómasalan fer fram í gegnum áskrift og hefur eldra fólki þótt þægilegt að hafa þann háttinn á. Stefnt er að því að blómasalan (blóm+vinna) standi undir sér, þ.e. sé ekki niðurgreidd af lögbundnum tekjum KGRP. Flestir sem kaupa blóm eru í áskrift en aðrir hringja og panta.

Lýsing um jól og áramót

Sömu þrjú fyrirtækin sem verið hafa undanfarin mörg ár sáu um jólalýsingu í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði og Kópavogskirkjugarði á aðventu, um jól og áramót 2021. Tekjur KGRP vegna aðstöðugjalda þessara fyrirtækja standa undir þeirri vinnu sem starfsmenn KGRP þurfa að inna af hendi og tengist þessari þjónustu. Aðstandendur eru almennt ánægðir með þjónustuna.

Starfsmannafélagið Kvistur

Allt félagsstarf var í skötulíki 2021 vegna Covid-19. Lítil sem engin starfsemi var hjá starfsmannafélaginu fyrir utan útleigu á Kvisti orlofshúsi KGRP í Skálholti.

TENGDIR AÐILAR

Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ)



Aðalfundur KGSÍ var haldinn á Laugarbakka í Miðfirði í september 2021 og var góð þátttaka eftir langt hlé á þeim vettvangi.

KGSÍ hefur það verkefni að sjá um að greiða kirkjugörðum landsins framlag ríkisins og fer sú greiðsla fram á grundvelli gjaldalíkans sem stjórn KGSÍ útbjó og lagði fram árið 2003. KGSÍ greiðir kirkjugörðum kostnað við greftranir og umhirðu.

KGSÍ gefur árlega út fagritið *Bautastein*. Í ár kom blaðið út í apríl og var meginefni þess umfjöllun um nýja bálstofu og bálfarir á Íslandi. Stærsta verkefnið sem stjórn KGSÍ sá um á árinu 2021 var áframhald á endurnýjun tölvugrunns sem Hugsmiðjan hefur forritað eftir þarfagreiningu þeirra sem stýra tölvumálum innan KGSÍ. Tölvumálin eru eilífðarmál, þeirri vinnu lýkur aldrei því þar er sífelld þróun og breytingar örar.

Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur samkvæmt lögum yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Forstjóri KGRP situr í ráðinu, kosinn á aðalfundi KGSÍ. Eitt meginverkefni ráðsins á síðasta ári var gerð skýrslu um kostnað og rekstur nýrrar bálstofu á Íslandi. Haldnir voru fjarfundir mán- aðrarlega og þau mál sem upp komu voru afgreidd jafnóðum.

Erlend samskipti

KGRP eiga aðild að NFKK (norræn samtök kirkjugarða og bálstofa) og er forstjóri KGRP í stjórn þeirra. Haldnir eru að jafnaði 1-2 fundir á ári og eru fundarstaðir gjarnan höfuðborgir Norðurlandanna á víxl. Á þessum fundum er tekið fyrir það helsta sem er að gerast í þessum málaflokkum á Norðurlöndunum. Nokkrir fjarfundir voru haldnir árið 2021. Forstjóri KGRP sat fundina fyrir hönd KGSÍ fram á mitt ár en þá sagði forstjóri KGRP sig úr stjórn NFKK og við tók Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar var kosinn varamaður Guðmundar Rafns á aðalfundi KGSÍ í september sl.

KGRP er einnig aðili að Sambandi evrópskra bálstofa (ECN). Á ráðstefnum þeirra eru fulltrúar frá öllum stóru löndunum í Evrópu og einnig frá Norðurlöndunum. Allt starf ECN hefur legið niðri síðan farsóttin fór að herja á heimsbyggðina og svo var einnig árið 2021.



Góður liðsandi og samstarf á árinu 2021

Öllum stjórnarmönnum og starfsmönnum KGRP eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2021. Samskipti starfsstöðva KGRP voru í lágmarki, margir stjórnarfundir voru fjarfundir og flestum mannfögnum af-lýst. Margir lögðu engu að síður hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýð-ingarmiklu verkefnum sem KGRP er falið að sinna. Bestu þakkir starfsmenn KGRP fyrir öll árin sem við höf-um starfað saman.

F.h. framkvæmdastjórnar KGRP,



Þórsteinn Ragnarsson,
forstjóri KGRP.

STARFSMANNAHALD 2021

Í ársbyrjun voru starfsmenn KGRP 32 talsins.

	Byrjar	Hættir		Byrjar	Hættir
Arnfinnur Róbert Einarsson			Kieran Francis Houghton		
Benedikt Örvar Smáráson			Kristján Karl Linnet		
Berglind Jóhannsdóttir			Margrét Guðjónsdóttir		3.11.2021
Elín Halla Þórhallsdóttir			Margrét Guðjónsd. Bálst.	10.3.2021	
Friðjón Örn Guðmundsson			María Benediktsdóttir		
Gestur Hreinsson			Monika Ewa Orłowska		
Gísli Guðnason	1.5.2021		Rúnar Árnason		15.8.2021
Guðrún Björg Unnsteinsdóttir			Sigríður Ágústsdóttir		31.8.2021
Heimir Björn Janusarson			Sigríður Inga Magnúsdóttir		
Helena Sif Þorgeirsdóttir			Sigurður Kristjánsson		
Helga Halldórsdóttir			Sigurður Fannar Þórsson	1.7.2021	
Helga Oddsdóttir			Steinunn Guðmundsdóttir	1.9.2021	31.12.2021
Helga Þor Þorbjarnardóttir			Sveinbjörg Bjarnadóttir		
Helga Þóra Jónsdóttir			Viðar Jakob Gunnarsson		
Íris Pétursdóttir			Þorgrímur G. Jörgensson		
Jóanna Hrönn Sigurðardóttir			Þórsteinn Ragnarsson		
Jóhannes Berg			Þórsteinn Svanhildarson		
Kári Aðalsteinsson					

**Kirkjugarðar
Reykjavíkur-
prófastsdæma**
Ársreikningur
2021

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 690169-2829

Kirkjugarðar Reykjavíkur- prófastsdæma Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun framkvæmdastjórnar og forstjóra	2
Áritun skoðunarmanna	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Skýrsla og áritun framkvæmdastjórnar og forstjóra

Starfsemi

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurborgar (félagsins) er umfangsmikil. Í umsjá Kirkjugarðanna eru sex kirkjugarðar: Hólavallagarður (gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu), Fossvogskirkjugarður, Sólland duftreitir, Viðeyjarkirkjugarður, Gufuneskirkjugarður og Kópavogskirkjugarður. Á vegum stofnunarinnar er auk þess Fossvogskirkja, kapella, bænahús, bálstofa með tveimur líkbrennsluofnum og líkhús.

Ársreikningur Kirkjugarða Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2021	2020
Rekstrartekjur og aðrar tekjur félagsins námu.....	738.969.943	664.852.181
Hagnaður félagsins nam.....	51.524.810	14.516.733
Fjöldi ársverka nam.....	32	31
	31.12.2021	31.12.2020
Eignir félagsins námu.....	1.556.688.229	1.422.135.012
Bókfært eigið fé nam.....	968.631.475	917.106.665
Eiginfjárhlutfall félagsins nam.....	62,2%	64,5%

Lögbundnar rekstrartekjur Kirkjugarðanna námu 638,9 millj.kr. og hækkuðu um 5,7% milli ára og aðrar tekjur námu 100 millj.kr. og hækkuðu um 29,9 millj.kr. Það vegur mest styrkur vegna þjónustuhúss í Kópavogi að fjárhæð 20 millj.kr. Hagnaður Kirkjugarða Reykjavíkurborgar á árinu 2021 nam 51,5 millj.kr., en hann nam 14,5 millj.kr. á árinu 2020. Heildareignir nema 1.557 millj.kr. og á árinu námu eignfærslur 182 millj.kr. og eru þar af 169 millj.kr. v. þjónustuhúss í kirkjugarði Kópavogs.

Áhrifin af COVID-19 á starfsemi KGRP héldu áfram á árinu 2021 með áframhaldandi röskun á starfsemi stofnunarinnar vegna samkomutakmarkana. Stjórnendur KGRP hafa aðlagð starfsemi sína að þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi, með tilliti til sýkingarhættu, samkomubanns og fjarlægðarreglu, allt með því markmiði að stofnunin geti veitt þá þjónustu sem hún stendur fyrir. Starfsemin á næsta ári verður í svipuðum farvegi og verið hefur með þau lögbundnu verkefni sem stofnunin stendur fyrir.

Í ársskýrslu Kirkjugarða Reykjavíkurborgar sem lögð verður fram á aðalfundi, er gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í rekstri hennar á árinu 2021.

Framkvæmdastjórn

Stjórn Kirkjugarðanna er skipuð einum fulltrúa frá hverjum þjóðkirkjusöfnuði auk fulltrúa frá Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík, Óháða söfnuðinum, Kapólsku kirkjunni, Siðmennt og Ásatrúarfélaginu. Stjórnin kys þriggja manna framkvæmdastjórn, sem starfar náið með forstjóra, er annast daglegan rekstur.


Yfirlýsing framkvæmdastjórnar og forstjóra

Að áliti framkvæmdastjórnar og forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Framkvæmdastjórn og forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurborgar staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2022.


Í stjórn



Egill Heiðar Gíslason
formaður



Kristján Guðmundsson
varaformaður



Emilía G. Svavarsdóttir
stjórnarmaður



Þórsteinn Ragnarsson
forstjóri


Áritun skoðunarmanna

Yfirlýsing skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2021 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 19. apríl 2022.

Matthias Frimannsson



Dóra Berglind Torfadóttir



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 19. apríl 2022.

Deloitte ehf.



Halldór Arason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Lögbundnar tekjur		638.941.232	604.717.929
Aðrar rekstrartekjur		100.028.711	60.134.252
Laun og launatengd gjöld	4	(496.319.045)	(413.296.503)
Rekstur og viðhald fasteigna		(84.443.900)	(72.539.289)
Rekstur og viðhald garða		(58.535.288)	(58.137.921)
Þjónusta presta		0	(25.253.840)
Annar rekstrarkostnaður		(35.187.226)	(34.367.476)
Afskriftir fastafjármuna	6	(53.931.846)	(51.002.604)
Rekstrarhagnaður		<u>10.552.638</u>	<u>10.254.548</u>
Fjármunatekjur		40.003.606	33.616.242
Fjármagnsgjöld		(12.956.885)	(13.214.967)
	5	<u>27.046.721</u>	<u>20.401.275</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélags	7	<u>13.925.451</u>	<u>(16.139.090)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>51.524.810</u></u>	<u><u>14.516.733</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	889.407.236	767.430.272
Eignarhlutar í tengdum félögum	7	37.839.221	23.913.770
Bankainnst./ verðbréf til að mæta lífeyrisskuldbind.	9	529.241.059	544.805.327
		<u>1.456.487.516</u>	<u>1.336.149.369</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi framlag ríkissjóðs	8	8.205.683	10.597.395
Útistandandi tekjur		39.158.746	22.906.328
Aðrar skammtímakröfur		9.692.128	5.447.292
Fyrirframgreiddur kostnaður		147.740	1.686.828
Sjóður og bankainnstæður		42.996.416	45.347.800
		<u>100.200.713</u>	<u>85.985.643</u>
Eignir		<u>1.556.688.229</u>	<u>1.422.135.012</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8	968.631.475	917.106.665
Eigið fé		<u>968.631.475</u>	<u>917.106.665</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	9	514.263.368	441.438.621
		<u>514.263.368</u>	<u>441.438.621</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreidd launatengd gjöld		44.378.334	42.179.220
Aðrar skammtímaskuldir		29.415.052	21.410.506
		<u>73.793.386</u>	<u>63.589.726</u>
Skuldir		<u>588.056.754</u>	<u>505.028.347</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.556.688.229</u>	<u>1.422.135.012</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		10.552.638	10.254.548
Afskriftir	6	53.931.846	51.002.604
(Söluhagnaður), sölutap fastafjármuna		(717.612)	2.623.233
Hækkun, (lækkun) skuldbindinga	9.	63.995.975	(10.075.704)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		127.762.847	53.804.681
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(16.566.454)	(8.246.024)
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		10.203.660	(2.541.299)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		121.400.053	43.017.358
Innborgaðir vextir og arður		40.003.606	33.616.242
Greiddir vextir		(4.128.113)	(4.361.745)
Handbært fé frá rekstri		<u>157.275.546</u>	<u>72.271.855</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(181.714.963)	(43.468.515)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	6.523.765	4.358.065
Breyting á bundnum bankainnstæðum		42.224.711	23.590.017
Vextir af bundnum bankainnstæðum		(26.660.443)	(23.159.070)
		<u>(159.626.930)</u>	<u>(38.679.503)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(2.351.384)	33.592.352
Handbært fé í upphafi árs		45.347.800	11.755.448
Handbært fé í lok árs		<u>42.996.416</u>	<u>45.347.800</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) eru sjálfseignarstofnun safnaðanna í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesbæ og eru með mestu umsvif kirkjugarða á landinu, eða um 50%. Stjórn Kirkjugarðanna er skipuð einum fulltrúa frá hverjum þjóðkirkjusöfnuði auk fulltrúa frá Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík, Óháða söfnuðinum, Kapólsku kirkjunni, Siðmennt og Ásatrúarfélaginu. Stjórnin kys þriggja manna framkvæmdastjórn, sem starfar náið með forstjóra, er annast daglegan rekstur.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis er umfangsmikil. Í umsjá Kirkjugarðanna eru sex kirkjugarðar: Hólavallagarður (gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu), Fossvogskirkjugarður, Sólland duftreitir, Viðeyjarkirkjugarður, Gufuneskirkjugarður og Kópavogskirkjugarður. Á vegum stofnunarinnar er auk þess Fossvogskirkja, kapella, bænahús, bálstofa með tveimur líkbrennsluofnum og líkhús.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun og ökutækjastyrkur	328.557.959	326.094.627
Endurgreidd laun	(13.811.879)	(18.072.460)
Launatengd gjöld og áunnið orlof	68.089.597	69.834.053
Hlutdeild KGRP í lífeyrisgreiðslum og breyting á skuldbindingu	88.450.207	9.236.228
Annar starfsmannakostnaður	25.033.161	26.204.055
	<u>496.319.045</u>	<u>413.296.503</u>
Stöðugildi fastra starfsmanna að meðaltali	32	31
Sumarstarfsmenn að meðaltali	58	79

Heildarlaun og hlunnindi til stjórnenda KGRP á árinu 2021 námu 30,7 millj.kr. (2020: 27,2 millj.kr.).

Skýringar

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankareikningum	11.917.737	9.306.526
Aðrar vaxtatekjur	28.085.869	24.309.716
	<u>40.003.606</u>	<u>33.616.242</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(3.213.982)	(2.002.290)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(8.828.772)	(8.853.222)
Önnur vaxtagjöld	(914.131)	(2.359.455)
	<u>(12.956.885)</u>	<u>(13.214.967)</u>
	<u>27.046.721</u>	<u>20.401.275</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Önnur mann- virki og stígar í góðum	Bifreiðar og vinnuvélar	Skrifstofuáhöld og listmunir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2020	1.612.631.471	240.491.012	223.426.652	21.152.224	2.097.701.359
Eignfært á árinu	14.016.906	21.576.026	7.875.583		43.468.515
Selt og aflagt á árinu		(3.677.632)	(27.900.795)	(2.914.898)	(34.493.325)
Staða 1.1.2021	1.626.648.377	258.389.406	203.401.440	18.237.326	2.106.676.549
Eignfært á árinu	108.864	168.820.262	12.785.837		181.714.963
Selt og aflagt á árinu		(7.969)	(7.248.628)	(357.973)	(7.614.570)
Staða 31.12.2021	<u>1.626.757.241</u>	<u>427.201.699</u>	<u>208.938.649</u>	<u>17.879.353</u>	<u>2.280.776.942</u>
Afskriftir					
Staða 1.1.2020	1.061.412.614	111.301.196	130.719.031	12.322.859	1.315.755.700
Afskrift ársins	20.919.463	10.076.291	19.295.985	710.865	51.002.604
Virðisrýrnun					0
Selt og aflagt á árinu		(3.677.632)	(20.919.497)	(2.914.898)	(27.512.027)
Staða 1.1.2021	1.082.332.077	117.699.855	129.095.519	10.118.826	1.339.246.277
Afskrift ársins	21.253.282	11.443.087	20.359.737	875.740	53.931.846
Virðisrýrnun					0
Selt og aflagt á árinu		(7.969)	(1.442.475)	(357.973)	(1.808.417)
Staða 31.12.2021	<u>1.103.585.359</u>	<u>129.134.973</u>	<u>148.012.781</u>	<u>10.636.593</u>	<u>1.391.369.706</u>
Bókfært verð					
Staða 1.1.2020	551.218.857	129.189.816	92.707.621	8.829.365	781.945.659
Staða 1.1.2021	544.316.300	140.689.551	74.305.921	8.118.500	767.430.272
Staða 31.12.2021	<u>523.171.882</u>	<u>298.066.726</u>	<u>60.925.868</u>	<u>7.242.760</u>	<u>889.407.236</u>
Afskriftarhlutföll	3-5%	0-10%	12-33%	0-20%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:				Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir				1.492.500.000	1.987.050.000
Vélar og tæki, eignatryggingar					521.778.000

Eignir stofnunarinnar eru ekki veðsettar.

Skýringar

7. Eignarhlutar í dótturfélagi

	Eignarhlutur	Nafnverð	Starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf	100,00%	10.000.000	Útfararþjónusta
Breyting eignarhluta í dótturfélagi greinist þannig:		2021	2020
Staða í ársbyrjun		23.913.770	40.052.860
Hlutdeild í afkomu ársins		13.925.451	(16.139.090)
Staða í árslok		37.839.221	23.913.770

8. Eigið fé

	Eigið fé
Eigið fé greinist þannig:	
Eigið fé 1.1.2020	902.589.932
Hagnaður ársins	14.516.733
Eigið fé 1.1.2021	917.106.665
Hagnaður ársins	51.524.810
Eigið fé 31.12.2021	968.631.475

9. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna bera Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma ábyrgð á þeim hluta lífeyrissgreiðslna sem er vegna verðlagsþróunar og kaupmáttar-aukningar samkvæmt 33. gr. laga um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna greiðir einungis fast hlutfall af launum starfsmanns eins og þau voru þegar starfsmaður lét af störfum. Vegna þessarar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar hefur verið mynduð lífeyrisskuldbinding sem færð er meðal skulda í efnahagsreikningi og er hækkun skuldbindingarinnar færð til gjalda í rekstrarreikningi. Í lok desember 2021 nam skuldbindingin kr. 514.263.368. Skuldbindingin er reiknuð af Talmakönnun hf. og er reiknuð samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum sjóðsins, þar sem miðað er við lækkandi dánartíðni. Helstur forsendur eru 2% vextir, lífslíkur skamkvæmt reynslu LSR á árunum 2014-2018 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni. Alemnnt var reiknað með launahækkun sem nam um 5,6% á árinu 2021.

	2021	2020
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	441.438.621	442.661.103
Breyting lífeyrisskuldbindingar, færð meðal launa og launat. gjalda	63.995.975	(10.075.704)
Vextir af lífeyrisskuld, gjaldfærðir á meðal vaxtagjalda	8.828.772	8.853.222
	514.263.368	441.438.621
Lífeyrisskuldbinding í árslok	(514.263.368)	(441.438.621)
Verðbréf til að mæta lífeyrisskuldbindingu	238.745.437	212.084.994
Bankainnstæður til að mæta lífeyrisskuldbindingu	290.495.622	332.720.333
Sérgreindar eignir umfram lífeyrisskuldbindingu í árslok	14.977.691	103.366.706

10. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga um leigu á fasteignahlutum stofnunarinnar. Annars vegar er um að ræða leigu til Landsspítala og Mílu ehf. á hluta af fasteigninni að Vesturhlíð 8 og hins vegar leiga til Útfararstofu kirkjugarðanna ehf. á fasteigninni Vesturhlíð 2.

Skýringar

12. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Stærslur hluti tekna stofnunarinnar er lögbundinn. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er synd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

